

# Ársfundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu 14. júní 2022

Fundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu haldinn í sal Vestfjarðastofu, Suðurgötu 12, Ísafirði og hófst kl. 11:00

Jóhanna Ösp Einarsdóttir formaður stjórnar Vestfjarðarstofu setur fundinn og gerir tillögu um Kristján Jón Guðmundsson sem fundarstjóra. Tillagan samþykkt.

Kristján tekur við stjórn fundarins.

Framkvæmdastjóri fer hverjir í salnum og í fjarfundi eru með kosningarétt og mættir á fundinn. Mætt er fyrir 64% fulltrúa. Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

## 1) Skýrsla stjórnar

*Jóhanna Ösp Einarsdóttir stjórnarformaður Vestfjarðastofu og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri.*

Jóhanna fer yfir það sem snýr að stjórn. Nokkrar breytingar hafa átt sér stað í stjórnarsetu og fór Jóhanna yfir það. Þakkaði starfsfólki Vestfjarðastofu fyrir vel unnin störf.

Sigríður tekur við og fer yfir starfsemi Vestfjarðarstofu.

Sigríður bendir á að ársskýrslan ásmat ársreikningi sé á vef Vestfjarðarstofu. Vestfjarðastofa hefur gefið út fréttabréf mánaðarlega sem gefur innsýn í starfsemina.

Fundarstjóri óskar heimildar fundar til að liður 2 og 3 verði kynntir samhliða. Tillagan samþykkt.

Sigríður tekur til máls og bendir á að bæði ársreikning og fjárhags- og starfsáætlun má finna á vef Vestfjarðastofu.

## 2) Staðfesting ársreiknings

*Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu fer yfir ársreikning Vestfjarðastofu árið 2021. Boðið er upp á spurningar varðandi ársreikning. Enginn kveður sér hljóðs.*

## 3) Fjárhags og starfsáætlun kynnt

*Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu fer yfir fjárhags- og starfsáætlun Vestfjarðastofu árið 2021. Boðið er upp á spurningar varðandi fjárhags- og starfsáætlun. Engin kveður sér hljóðs.*

Ársreikningur borin upp. Samþykktur einróma.

## 4) Breytingar á samþykktum (á ekki við á þessu þingi)

## 5) Staðfesting á innri reglum Vestfjarðastofu (á ekki við á þessu þingi)

## 6) Kosningar

- Staðfesting á kjöri stjórnarmanna atvinnulífs- og menningar (á ekki við á þessu þingi)  
*Samþykkt var á framhaldsaðalfundi Vestfjarðastofu sem haldinn var 28. apríl 2022 að stjórnarmenn af vettvangi atvinnulífs- og menningar sætu áfram allt að ársfundi 2023.*
- Kjör nefnda og fagráða (á ekki við á þessu þingi)  
*Ekki eru kosnar nefndir eða fagráð á ársfundi 2022.*
- Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

Lagt er til að Endurskoðun Vestfjarða verði áfram endurskoðunarfyrirtæki Vestfjarðastofu  
Engar athugasemdir. Samþykkt einróma.

- d) Kjör starfsháttanefndar  
Tillaga er um að núverandi starfsháttanefnd sitji áfram allt að ársfundi 2023.  
Í starfsháttanefnd sitja:  
Baldur Smári Einarsson  
Guðrún Eggertsdóttir  
Viktória Rán Ólafsdóttir

Boðið upp á að koma með aðrar tillögur. Engar nýjar tillögur koma fram. Tillagan samþykkt einróma.

## 7) Ákvörðun um þóknun stjórnar, nefnda og fagraða

Sigríður kynnir fyrir hönd starfsháttanefndar þóknun stjórnar, nefnda og fagraða.

Þóknun stjórna og nefnda		
Þingfararkaup	1,210,368	
		<b>Tillaga starfsháttanefndar VFS</b>
Formaður	9.0%	108,933
Aðrir fundir sem form. sækir	2.0%	24,207
Aðrir stjórnarmenn	4.5%	54,467
Formenn í fastanefndum eða starfshópum	4.5%	54,467
Fulltrúar í fastanefndum eða starfshópum	3.0%	36,311
Ferðakostnaður		
		Greitt fyrir allan akstur
		Laun pr. mán
		Annað pr. fund

Tillagan borin upp. Engar athugasemdir. Tillagana samþykkt einróma

## 8) Önnur mál

Engi kveður sér hljóðs undir þessum lið.

Jóhanna stjórnarformaður tekur við og þakkar fundarstjóra.

Stjórnarformaður frestar fundi og býður gestum til hádegisverðar í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þar sem fundurinn heldur áfram kl. 13:00 með málþingi með yfirskriftinni „Vestfirðir í vörn eða sókn?“